

## Fundargerð nr. 14

### Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Þingborg fundarsalur
<b>Fundardagur:</b>	Mánudagur 15. maí 2023
<b>Fundartími:</b>	16:00-17:30
<b>Fundarmenn:</b>	Haraldur Einarsson, formaður nefndar Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Börkur Brynjarsson, verktaki og ráðgjafi

*Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

#### 1. Ný vatnslögn frá Neistastöðum að stofnlögn við Skeiðaveg - staða

Gengið hefur verið frá verkamningi við Börk Brynjarsson vegna hönnunar, kostnaðarmats og gerð útboðsgagna vegna lagningar vatnslagnar. Sveitarstjórn hefur einnig samþykkt að Börkur sjái um eftirliti framkvæmdar og kemur það einnig fram í verkamningnum.

Búið að ræða við alla landeigendur og Börkur fór yfir legu lagnarinnar með nefndinni sem sett er fram í samræmi við upplýsingar og ráðleggingar landeigenda. Börkur mun sjá um að gera skriflega yfirlýsingu milli landeigenda og sveitarfélagsins. Á svæði innan Hjalms holts er hverfisvernd á hluta af svæðinu, Börkur mun kanna það mál frekar og skoða leið framhjá sprungum á svæðinu sem falla undir hverfisvernd.

Gróft kostnaðarmat og magnskrá unnin af Berki var kynnt fyrir nefndinni.

Stefnan er á auglýsingu eftir hálfan mánuð og gefnar verða þrjár vikur í tilboðsfrest. Börkur sendir auglýsingu á nefndina til yfirlstrar fyrir birtingu. Stefnt er á verklok í október.

Börkur sendir yfirlitsmynd á Huldu vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi og Hulda hefur samband við skipulagsfulltrúa vegna umsóknar.

#### 2. Urriðafoss – Stórholt, Litlholt, Smáholt – Vatnslögn

Verktakar í vatnsveitu munu leggja lögn frá Urriðafosslandinu og yfir í Litlholt til að tengja við Vatnsveitu Flóahrepps. Verktakar munu vera í samráði við landeigenda á Urriðafossi vegna þessa.

#### 3. Urriðafoss – staða framkvæmda

Börkur og Hulda boða verktaka á fund sem allra fyrst og stefnt á að amk tveir fulltrúar framkvæmda- og veitunefndar verði einnig viðstaddir. Markmið fundar að leggja línurnar fyrir lokafrágang og lok framkvæmda. Eftir að lokafrágangur er búinn verður send lokaskýrslu vegna styrks frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Lokaskýrslu þarf að skila fyrir 1. júlí 2023.

#### 4. Drög að erindisbréfi framkvæmda- og veitunefndar

Fyrir liggja að nýju drög að erindisbréfi fyrir nefndina. Gerð er tillaga um að nefndin fari með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og Flóaljóss og hafi vald til fullnaðarafgreiðslu mála er snúa beint að framkvæmdum í veitumálum sem rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar og er í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sveitarfélagsins. Nefndin telur að með þessu móti megi auka skilvirkni og málshraða verkefna sem rúmist innan fjárhagsáætlunar sem sveitarstjórn gerir ár hvert. Nefndin leggur til að orðalagi undir „starfshættir“ verði breytt á þann hátt að fundargerð sé ekki lesin upp í lok fundar heldur send á nefndina eftir fund til yfirlstrar. Komi ekki athugasemdir við senda fundargerð skoðast hún samþykkt og kvittað er

á hana á næsta fundi nefndarinnar. Nefndin gerir ekki athugasemdir að öðru leyti við fyrirbyggjandi erindisbréf og vísar því til afgreiðslu sveitarstjórnar.

**5. Skipun varaformanns nefndar**

Nefndin samþykkir samhljóða að skipa Heimi Rafn Bjarkason sem varaformann nefndarinnar.

**6. Næsti fundur nefndar:**

Nefndin mun funda eftir opnun útboða þann 15. júní. Fundarboð verður sent út tímanlega.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:30*